

12/12/11 Til stjórnl. og eftirl. n.
V. 3. máls

Alþingi
Ervindi nr. P 140/799
komudagur 12-12-2011

Minnisblað

Móttakandi: Stjórn Sambands íslenskra
sveitarfélaga

Dags.: 21. júní 2011

Sendandi: Guðjón Bragason

Málsnr.: 1104019SA
Málalykill: 320

Efni: Tillögur um sveitarfélög í áfangaskjali stjórnlagaráðs

Hinn 16. júní sl. fór fram umræða í stjórnlagaráði um tillögur svonefndrar B-nefndar ráðsins varðandi sveitarfélög. Miklar umræður urðu um málið á fundi stjórnlagaráðs og kom fram að vænta mætti þess að einhverjar orðalagsbreytingar yrðu gerðar á þeim tillögum sem kynntar voru á fundinum. Í áfangaskjali stjórnlagaráðs er gert ráð fyrir að ákvæði um sveitarfélögin verði í sérstökum kafla, alls fjórar greinar er hljóða svo:

Sveitarfélög

1. Sjálfstjórn sveitarfélaga

Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.

Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum.

Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.

2. Nálægðarregla

Á hendi sveitarfélaga eru þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið í héraði svo sem nánar skal kveðið á um í lögum.

3. Kosning sveitarstjórna og íbúalyðræði

Sveitarfélögum er stjórnað af sveitarstjórnnum sem starfa í umboði íbúa og eru kjörnar í almennum, leynilegum kosningum.

Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum.

4. Samráðsskylda

Samráð skal haft við sveitarstjórnir og samtök þeirra við undirbúning lagasetningar sem varðar málefni sveitarfélaga.

Mat á tillögum stjórnlagaráðs

Að álitum undirritaðs eru tillögur stjórnlagaráðs til þess fallnar að skjóta styrkari stoðum undir sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga heldur en ákvæði 78. gr. stjórnarskrárinnar. Þau ákvæði sem eru mest tíðindi eru 2. gr., um svonefnda nálægðar- eða grenndarreglu, 4. gr. um samráðsskyldu við sveitastjórnir og samtök

þeirra vegna lagasetningar, og 2. mgr. 1. gr. um að sveitarfélög skuli hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum skyldum sínum. Ákvæði 3. gr. er einnig nýmæli og er greinin samhljóða tillögu sem stjórnlaganefnd setti fram fyrir á árinu.

Almennt verður að telja að í tillögunum sé tekið ágætt tillit til Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga. Í 4. gr. þess sáttmála er m.a. kveðið á um nálægðarregluna. Í 9. gr. er kveðið á um að tekjustofnar sveitarfélaga skuli vera fullnægjandi og í samræmi við lögbundin verkefni. Það sem einkum vantar upp á að sáttmálinn geti talist að fullu innleiddur í landsrétt er að sveitarfélög geti borið undir dómstóla meint brot gegn sjálfsstjórnarréttinum, sbr. 11. gr. sáttmálans. Á þetta atriði var sérstaklega bent í erindi sambandsins til stjórnlagaráðs en við því hefur ekki verið brugðist í fyrirliggjandi tillögum B-nefndar.

Loks verður ekki annað séð en að tillögur í áfangaskjali stjórnlagaráðs samræmist ágætlega ákvæðum frumvarps til nýrra sveitarstjórnarlaga sem nú er til meðferðar á Alþingi.

Með vísan til þess sem að framan segir telur undirritaður ekki þörf á því að sambandið sendi stjórnlagaráði athugasemdir við fyrirliggjandi tillögur. Tækifæri til athugasemda mun hins vegar gefast síðar, þegar stjórnlagaráð hefur skilað tillögu að frumvarpi til Alþingis. Við það tækifæri kann jafnframt að reynast ástæða til að koma á framfæri athugasemdum við aðrar tillögur en þær sem hér eru til umfjöllunar.

GB